

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum nr. 338/1978.

1. gr.

3. mgr. 9. greinar hljóði svo:

Bætur vegna skipa eldri en 15 ára skulu ekki vera hærri en 36 000 kr. á rúmlest í skipi. Sé skip yngra en 15 ára, hækkar hámarkið um 3 600 kr. á rúmlest fyrir hvert ár upp í 72 000 kr. á rúmlest í 5 ára gömlu skipi eða yngra.

2. gr.

Upphaf 4. mgr. 9. greinar hljóði svo:

Bætur skulu aldrei vera hærri en kr. 10 800 000 vegna eins skips.

3. gr.

2. mgr. 10. greinar hljóði svo:

Árgjöld skulu vera kr. 1 020 á rúmlest af tréskipum og kr. 510 á rúmlest af stálskipum. Þó skal árgjald ekki vera hærri en kr. 153 000 af einu skipi.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 37/1978 um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og öðlast þegar gildi. Fjárhæðir þær, sem ákveðnar eru í 1.–3. gr. gilda frá 1. janúar 1988.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. maí 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

REGLUGERÐ

um fjárhæð leyfisgjalds fyrir leyfisbréf til að reka leigumiðlun.

1. gr.

Leyfisgjald, sem renna skal í ríkissjóð, fyrir útgáfu leyfisbréfs til að reka leigumiðlun skal vera kr. 1 000,00.

Gjald fyrir endurnýjun þessa leyfis skal vera kr. 500,00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. mgr. 69. gr. laga nr. 44/1979 um húsaleigusamninga samanber og 20. gr. laga nr. 79/1975 um aukatekjur ríkissjóðs, skal öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 9. maí 1988.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þórhildur Línadal.